

Efni: Ósk um að kostnaður við tækjakaup verði bókfærður sem hluti af framkvæmd við breytingar á húsnæði Sunnulækjarskóla.

Með vísan í 145. fundi bæjarráðs, 12. apríl sl. þar var eftirfarandi bókað:
Bæjarráð óskar eftir að aðilar skoði með ítarlegri hætti möguleika til að tvínýta betur húsnæðið í Sunnulækjarskóla og skili minnisblaði um þær leiðir. Þetta er mikilvægt ef draga mætti úr fjárfestingu, enda liggur fyrir að ný Frístundamiðstöð muni gjörbreyta aðstæðum í sveitarfélaginu innan fárra ára.

Nú eru hafnar framkvæmdir við breytingar á húsnæði hjá okkur til að mæta að hluta þeim vanda sem frístund og skóli hafa staðið frammi fyrir. Núverandi breyting er mun ódýrari samkv. kostnaðaráætlun en sú sem fyrst var óskað eftir. Það eru engu að síður kostnaðarliðir sem rætt var um í þessu ferli að myndu færast á þessa framkvæmd en eru ekki hluti af þeim breytingum sem koma fram í kostnaðaráætlun Eflu.

Upplýsingatækni hefur verið kennd í rýmum sem við missum við þessa breytingu og því þarf að fjárfesta í tölvuvagni og nýjum tölvum til að geta fært þá kennslu inni á svæði nemenda. Ekki er hægt að nota núverandi tölvukost því það eru allt gamlar batteríslausar fartölvur sem ekki er hægt að setja í vagn og verða að vera tengdar líkt og borðtölvur.

Sigríður var búin að taka saman kostnað við kaup á vagni og vélum. Vagn frá Varmás kostar 325.000 og 26 vélar í hann 4.537.000. Samtals 4.862.000.

Kennslurými í Klöpp og Felli verða samnýtt af skóla og frístund með markvissari hætti en verið hefur. Hluti af breytingum á þessum svæðum er að setja upp skápaeyningar eða felliveggi meðfram öllum töfluveggjum sem hægt er að opna þegar frístund byrjar. Myndvarpi, töflur og tjöld verða fjarlægð til að útbúa þetta rými og þess í stað sjáum við fyrir okkur að fá tvo smart skjái sem þjóna sama tilgangi og þess sem verður fjarlægð. Tveir slíkir skjáir hjá Varmás með festingum og tilheyrandi búnaði kosta samtals um 1.662.000.

Þetta eru kostnaðarliðir sem ég óska eftir því að verið færðir undir verkefnið sem vitnað er í til að tvínýta betur húsnæðið í Sunnulækjarskóla. Samtals 6.524.000

21. júlí 2022

Hermann Örn Kristjánsson
Skólastjóri Sunnulækjarskóla

